

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur um fjölda starfandi löggreglumanna.

- Hver er heildarfjöldi starfandi löggreglumanna á landinu? Hvert er hlutfall menntaðra og ómenntaðra löggreglumanna?*

Heildarfjöldi starfandi löggreglumanna á landinu er 895 og þar af eru 704 menntaðir löggreglumenn. Afleysingamenn eru 79 talsins og þá sinna 112 löggreglunemar afleysingastörfum hjá löggregluembættum landsins.

Þannig eru rúmlega 78% starfandi löggreglumanna menntaðir löggreglumenn og rúmlega 90% starfandi löggreglumanna menntaðir löggreglumenn eða löggreglunemar.

- Hefur þróun fjölda löggreglumanna haldist í hendur við fólksfjölgun í landinu á liðnum áratug?*

Heildarfjöldi starfandi löggreglumanna var 20,4 á hverja 10.000 íbúa árið 2013 og 20,2 á hverja 10.000 íbúa árið 2023.

- Hver var fjöldi löggreglumanna á hverja 10.000 ferðamenn á liðnu ári og hver var fjöldinn fyrir áratug?*

Á árinu 2013 var heildarfjöldi löggreglumanna 8,1 á hverja 10.000 ferðamenn en á árinu 2023 var heildarfjöldi löggreglumanna 4,6 á hverja 10.000 ferðamenn.

- Liggur fyrir þarfagreining um þann fjölda löggreglumanna sem þörfir á vegna fjölgunar ferðamanna?*

Embætti ríkislöggreglustjóra hefur unnið að greiningu á mannaflaþörf á grundvelli markmiða löggæsluáætlunar fyrir árin 2019–2023 um öryggis- og þjónustustig. Við þá vinnu er horft til mikillar fjölgunar íbúa og ferðamanna sem valdið getur margvíslegu álagi á löggreglu á ýmsum sviðum. Þá er horft til þess að á síðustu árum hafa auknar kröfur á löggreglu leitt til þess að fleiri löggreglumenn sinna sérverkefnum sem ekki snúa að útkalli eða rannsókn brota.

Á síðustu árum hefur löggreglan fengið umtalsverðar viðbótarfjárheimildir til þess að efla löggæslu með margvíslegum hætti. Þessu fé hefur verið varið í ýmis brýn verkefni, svo sem að fjölga löggreglunenum og styrkja almenna löggæslu. Í mars sl. voru kynntar aðgerðir til þess að efla löggæslu hér á landi og var af því tilefni bætt við samtals 80 stöðugildum til að mæta veikleikum og efla löggæslu um allt land.

- Hver er fjöldi starfandi löggreglumanna á Íslandi á hverja 100.000 íbúa í evrópskum samanburði?*

Samkvæmt tölum Eurostat fyrir árið 2020 voru að meðaltali 333,4 löggreglumenn á hverja 100.000 íbúa í Evrópu en á Íslandi er hlutfallið 201,9 löggreglumenn á hverja 100.000 íbúa. Vegna mismunandi löggæsluskipulags landa er samanburður erfiður enda misjafnt hvað er talið með og hvað ekki. Sem dæmi má nefna að sum lönd telja landamæraverði með en önnur

ekki. Heilt yfir er hlutfall löggreglumanna lægra á Norðurlöndunum en þegar sunnar og austar dregur í álfunni.

6. *Liggur fyrir þarfagreining um æskilegan fjölda löggreglumanna á landinu í heild og skipt eftir landshlutum?*

Vísað er til svars við 4. tölul. fyrirspurnarinnar.